

Nafn á umsögn (tilvísun í verkefni sem umsögn á við):

Nýbygging Hrafnagilsskóla

Nafn umsagnaraðila (einstaklings eða samtaka/hóps):

Skólastjórar, Hrund Hlökkversdóttir og Erna Káradóttir

Nafn innsendanda (ef sent er inn fyrir hönd samtaka/hóps):

Hrund Hlökkversdóttir

Umsögn:

Við skólastjórar leikskólans Krummakots og Hrafnagilsskóla lýsum yfir ánægju okkar með stóran part greinargerðar sveitarstjórnar um nýbyggingu. Þar er að finna góða áhersluþætti á skólastarf sem gerir án ef gott starf skólanna enn betra í sameiginlegri framtíðarbyggingu. Þegar hafist var handa við hugmyndavinnu að nýbyggingunni voru stjórnendur skólanna tveggja ásamt stjórnanda tónlistarskólans hafðir með í ráðum og eins formaður skólanefndar. Á seinni stigum vinnunnar söknum við þess að hafa ekki fengið að koma að borðinu við ákvarðanatöku og skipulag. Það er mikilvægt að hafa þá með sem eru á gólfinu og munu koma til með að starfa á vettvangi nýrrar byggingar. Með því má koma í veg fyrir ýmsa vankanta sem annars er hætt á að verði þegar ekki er talað við fagfólkið á staðnum. Í greinargerðinni kemur fram að samráð hafi verið haft við stjórnendur um áhersluatriði en við viljum benda á að ákvörðun um að sameina leik- og grunnskóla var ekki borin undir okkur og bendum við á að slíkar sameiningar hafa ekki gefist vel þegar ákvörðun er tekin án ígrundunar. Eins og þekktist í fræðunum þarf að ná öllum hagsmunaaðilum með þegar slíkt breytingaferli fer af stað eins og það að sameina tvær stofnanir og það kann sjaldan góðri lukku að stýra að slík ákvarðanatöku sé tekin einhliða. Því bendum við á að betra sé að aðskilja þá ákvörðun frá nýbyggingaráætlun en gera hins vegar ráð fyrir að sameinaður skóli geti starfað í nýrri byggingu. Með von um að fá að taka áfram þátt í þróun nýbyggingar Hrund Hlökkversdóttir og Erna Káradóttir skólastjórar